

4.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026

20.mars 2022 kl. 14:30 í Flúðaskóla

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritar fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri Flúðaskóla, Árni Þór Hilmarsson aðstoðarskólastjóri Flúðaskóla, Halla Gunnarsdóttir fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Margrét Sævarsdóttir fulltrúi foreldra, Vilborg Ástráðsdóttir, Sigríður Björk Marínósdóttir fulltrúar Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Starfsáætlun
3. Skólanámskrá
4. Drög að skóladagatali 2023-2024-umræða (sjá fylgigögn)
5. Framkvæmdir sumarsins -viðgerð á þaki.
6. Erindi frá Mennta og barnamálaráðuneytinu -*Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla*

Fundargögn

Skýrsla skólastjóra

Starfsáætlun Flúðaskóla 2022-2023

Skólanámskrá Flúðaskóla 2022-2023

Drög að skóladagatali 2023-2024

Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir við fundarboð.

1. Skýrsla skólastjóra

Jóhanna Lilja skólastjóri sagði frá starfinu í grunnskólanum síðustu misseri og hvað er á döfinni. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. Nóv sl, miðstigið fór í menningarferð til Reykjavíkur, farið var í heimsókn í Fablabsmiðjuna á Selfossi, Halldórsmótið í skák haldið, farið var á suðurlandsmót grunnskólasveita í skák, þar sem góður árangur náðist og komu nemendur heim með bæði gull og silfur. Einnig var farið á Íslandsmeistaramót 1.-3.bekkja barnaskólasveita í skák þar sem Flúðaskóli lenti í 3 sæti. Barnþing var haldið í desember, í tengslum við innleiðingarferli sveitarfélagsins á verkefninu Barnvænt sveitarfélag og opnar vikur voru í skólanum þar sem foreldrum/forráðamönnum er boðið að koma í skólann. Flúðaskóli er í samstarfi við Holbæk Lilleskole í Danmörku og í febrúar kom skólahópur frá Holbæk Lilleskole í heimsókn, en hópur frá Flúðaskóla fór út að heimsækja þau í haust. Jóhanna sagði frá áhugaverðu samstarfsverkefni Flúðaskóla, Holbæk Lilleskole og Seyruverkefnisins, seyra.is. sem gengur út t.d sjálfbærni. Verkefnið ber heitið SLAM og er verið að sækja um styrk hjá Nordplus Junior til að vinna að verkefninu. Það verður

M.S. FIPH

WJ Buj

JLA
AM

KP

HG.

SBM

áhugavert og gaman að fylgjast með framhaldinu á þessari vinnu. Framundan er árshátíð unglíngastígsins en þau eru að setja upp leiksýninguna „Grease“ og verður hún sýnd dagana 29. og 30. Mars.

Skólanefnd þakkar fyrir góða skýrslu og óskar skákmeisturum innilega til hamingju með góðan árangur.

2. Starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023.

Farið yfir starfsáætlun fyrir árið 2022-2023.

3. Skólanámskrá 2022-2023.

Farið var yfir skólanámskrá fyrir skólaárið 2022-2023.

4. Drög að skóladagatali 2023-2024.

Farið yfir drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2023-2024. Umræða var um samræmingu milli skólanna í uppsveitunum og réttardaginn. Skóladagatali vísaði til afgreiðslu á næsta fundi skólanefndar.

5. Framkvæmdir sumarsins -viðgerð á þaki.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri fór yfir þær framkvæmdir sem gera þarf á skólahúsnæðinu í sumar. Komið hefur í ljós að þakið yfir kennarastofunni lekur og þarf að fara í þær viðgerðir strax. Því hefur sveitarstjórn ákveðið að fresta þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar voru í fjárhagsáætlun og fara í að endurnýja þakið yfir allri álmunni.

6. Erindi frá Mennta og barnamálaráðuneytinu -Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla.

Sveitarstjórn vísaði erindi frá Mennta og barnamálaráðuneytinu - Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla, til skólanefndar og skólastjórnenda. Erindi lagt fram til kynningar.

7. Aðkoma skólabíla.

Skólastjóri kom með ábendingu varðandi umferðaröryggi í kringum skólann og þá sérstaklega á plani við íþróttahús þar sem skólabílar stoppa. Nauðsynlegt er að koma upp merkingum og vinna í að tryggja betra umferðaröryggi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 15:50

Björgvin Vidar Jónsson
Halldora Hjörtudóttir
Vikborg Ásmádsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir
Margrét Sveinarsd.
Áni Þór Hilmarsson
Katrín Þorvaldsdóttir
Jóhanna Elísa Arnardóttir
Halla Gunnarsdóttir
Sigríður Björk Maniösdóttir